

Eyri í Skötufirði

(Örnefni, sagnir og landlýsing, að sögn Jóns Helgasonar, bónda á Eyri. Skráð af J. Hj. veturinn 1935-36)

Eyri í Skötufirði er vestan megin fjarðarins, litlu utar en gegnt Kálfavík. Fjarðarhlíðin er þar brött og undirlendi lítið, en klettur miklir og skriður, eigi síður en að austanverðu í firðinum. Nokkurn spöl fyrir utan Eyri er **Markeyri** (1). Þar var þurrabúðarbyli þar til nú fyrir 15-16 árum, að það fór í eyði. Meðan fiskur gekk á grunnmið hér í Djúpinu risu slík tómthúsbyli nokkuð víða umhverfis fiskisælustu firðina og miðin, bæði einstök og í hverfum, sem mynduðu smáþorp um nokkurt árabíl, t.d. við Berjadalsá og Gullhúsár á Snæfjallaströnd, í Ögurnesi og í Fætinum. En er vélbátar komu til sögunnar og fiskur lagðist frá, vegna stóraukinna veiða togara og annara stórra skipa, þá stóðst þessi smáútgerð ekki samkeppnina, svo fólkið flutti burt og bólstaðir þess fóru í eyði.

Landamerki Eyrar að utanverðu, eru í innri hluta túngarðsins á Markeyri, svo að hún er nú í landi Litlabæjar eða réttara sagt Hvítaness, því að Litlibær er byggður af landi þess. Upp af Markeyri heita **Skógarhjallar** (2), en inn af þeim er stór lægð, allt frá fjallsbrún og niður til sjávar, sem heitir **Hvammur** (3). Upp af honum heita **Hvammgjótur** (4). Kletthögg þar við sjóinn nefnast **Gyltur** (5). Þar fyrir innan er eyri, sem heitir **Gunnarseyri** (6), og var þar einnig þurrabúðarbyli, sem nú er í eyði. Upp af henni er **Breiðhjalli** (7), **Mjóihjalli** (8) og **Langihjalli** (9), en upp af Langahjalla er kallaður **Eyrardalur** (10). Upp af bænum er **Bæjarhjalli** (11). Þar upp af á fjallinu eru **Lönguvötn** (12) og ofan þeirra klettur, sem heita **Álfaborgir** (13), en fram af þeim eru fjallshnúkar, er kallast **Valahnúfur** (14) 641 m á hæð, enda ber þar hæst fjallið á milli Skötufjarðar og Hestfjarðar. Rétt fyrir innan túnið, skammt frá sjó eru steinar tveir, nefnist annar **Grásteinn** (15), en hinn, sem er aðeins innar, **Gatasteinn** (16). Fyrir innan þá er dálítill láglandisræma með sjónum og heita þar **Eyrar** (17). Út og upp af þeim nefnast **Stekkjarsnið** (18), sem ná upp á Langahjalla, er fyrir var nefndur. Fyrir utan Eyrarnar er svonefndur **Varnargarður** (19), það er grjótgarður, upp og niður hlíðina, en

er nú að mestu fallinn. Á Eyrunum eru steinar þrír einstakir og þó með skömmu millibili, þeir kallast einu nafni **Bræður** (20). Þar fyrir innan við sjóinn er klettur, sem nefndur er **Smiðja** (21) og upp af honum **Smiðjuhjalli** (22).

Lengra inn með sjónum er svo nefndur **Skollahryggur** (23) og **Sel** (24). Þar eru fornar tóttir og enn mikil rækt í grasi, enda varla meir en 40 – 50 ár síðan hætt var að hafa þar í seli. Út og upp þaðan heitir **Töðuhjalli** (25) og upp af honum **Kvíguhjalli** (26), og er **Kvígulækur** (27) fyrir utan hjallann en **Snærisgil** (28) fyrir innan. Inn við landamerki Eyra og Kleifa er svo nefndur **Krosshryggur** (29). Upp af Selinu eru **Seljabreiðar** (30) og **Seljaskörð** (31). Inn af þeim, hátt í hlíðinni, eru grasbollar, sem heita **Hrútaból** (32). Upp af Eyrunum er **Nónhilla** (33), en á fjallsbrúninni upp af bænum er töflumyndað holt, sem nefnt er **Eyrartafla** (34) og er höfð fyrir mið út úr firðinum, fram hjá Skarðsklökkum. Hátt í hlíðinni inn við landamerkin eru svo nefndar **Arnarhillur** (35). Í túninu eru þessi örnefni:

Búrhóll (36) fyrir utan bæinn og **Bergholt** (37) þar fyrir utan, en fyrir innan bæinn er nefnd **Tröð** (38), þó að þar sé nú slétt og gróið tún. Neðst og yzt á túninu er kölluð **Grund** (39) og **Nýjusléttur** (40) upp af henni. Fyrir innan og ofan túnið heitir **Ból** (41) og eru þar gamlar tóttir.

Stafrófsskrá örnefna

Arnarhillur 35
Álfaborgir 13
Bergholt 37
Ból 41
Breiðihjalli 7
Bræður 20
Búrhóll 36
Bæjarhjalli 11
Eyrar 17
Eyrardalur 10
Eyrartafla 34
Gatasteinn 16
Grásteinn 15
Grund 39
Gunnarseyri 6
Gyltur 5
Hrútaból 32
Hvammgjótur 4
Hvammur 3
Krosshryggur 29
Kvíguhjalli 26
Kvígulækur 27
Langihjalli 9
Lönguvötn 12
Markeyri 1
Mjóihjalli 8
Nónhilla 33
Nýjusléttur 40
Sel 24
Seljabreiðar 30
Seljaskörð 31
Skollahryggur 23
Skógarhjallar 2
Smiðja 21
Smiðjuhjalli 22
Snærisgil 28
Stekkjarsnið 18
Tröð 38
Töðuhjalli 25
Valahnúfur 14
Varnargarður 19